

T I L L A G A

til þingsályktunar um endurskoðun á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af vígslubiskupnum í Skálholti, Kristjáni Björnssyni.

Frsm. Kristján Björnsson.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að fela biskupi Íslands að láta fara fram endurskoðun á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017 hvað varðar ráðningu í stöðu organista, einkum 11. grein starfsreglnanna, samanber ályktun kirkjutónlistarráðs frá 18. september 2023.

Greinargerð:

Á fundi Kirkjutónlistarráðs með Söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar 18. september 2023 í Grensáskirkju var eftirfarandi ályktun samþykkt. Á þennan fund mætti settur biskup Íslands, sr. Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti.

Ályktun kirkjutónlistarráðs var síðan beint til biskups Íslands með beiðni um að hann myndi búa málið til kirkjuþings.

Ályktunin er orðrétt:

„Undanfarið hefur nokkuð borið á því að ráðið sé í stöður organista án þess að ráðningarferlið sé að öllu leyti faglegt. Styrkja þarf sóknarnefndir í þeirri vandasömu vinnu sem ráðning organista getur verið og fylgja þarf skýrum leiðum svo niðurstaða verði sóknunum og þar með kirkjunni allri til hagsbóta. Kirkjutónlistarráð og söngmálastjóri óska því eftir að reglur og umgjörð ráðningarmála organista verði endurskoðuð og gerð líkari því sem tíðkast við ráðningar annars fagfólks kirkjunnar enda organistastarfið fagstarf sem byggir á menntun í skóla sem kirkjan starfrækir.

Kirkjutónlistarráð og Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar óska eftir að:

- Biskup Íslands auglýsi lausar stöður organista og hafi, í samstarfi við vinnuveitanda/sóknarnefnd á hverjum stað, umsjón með ráðningarferlinu.
- Söngmálastjóri eða fulltrúi söngmálastjóra hafi aðkomu að ráðningarferlinu og leggi m.a. mat á menntun og færni umsækjenda.
- Sóknarprestar og prestar hafi aðkomu að ráðningu organista í sínum prestaköllum.
- Niðurstaða ráðningarferlisins verði rökstudd á skriflegan hátt og aðgengileg öllum þeim sem koma að ráðningunni.

Til samræmis við þetta þyrfti að breyta 11. gr. í starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017, sbr. starfsrgl. nr. 45/2022-2023.“

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar er Guðný Einarsdóttir. Tónlistaráð skipa Guðmundur Sigurðsson, formaður, sr. Jónína Ólafsdóttir, tilnefnd af Prestafélag Íslands, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra organleikara/Organistadeild FÍH, Bjartur Logi Guðnason, tilnefndur af Félagi íslenskra organleikara / Organistadeild FÍH.